

## Undirbúningur fyrir magaspeglun

### Upplýsingar um speglun á efri meltingavegi

#### Mikilvægt

Ef þú ert á blóðþynningu (t.d. Xarelto) er nauðsynlegt að hætta töku þess 3 dögum fyrir speglun

- Maginn þarf að vera tómur
- Vegna kokdeyfingar má ekki neyta fæðu fyrir en eftir 1/2 klst. frá skoðun
- Eftir lyfjaforgjöf má ekki aka bifreið fram eftir degi
- Öll lyf skulu tekin í samráði við lækni
- Ef þú getur ekki mætt í rannsóknina á uppgefnum tíma þá er mjög mikilvægt að tilkynna forföll til heilbrigðisgagnafræðinga HSU í síma 432 2000
- 

Undirbúningur	<p>Þetta er skoðun á vélinda, maga og skeifugörn með sveigjanlegu speglunartæki</p> <p>Maginn þarf að vera tómur og er því nauðsynlegt að fasta frá miðnætti kvöldið áður</p>
Við komu á HSU	<p>Þú mætir á speglunardeild á aðra hæð sjúkrahússins og færð þér sæti á ganginum fyrir framan skurðstofuna</p>
Speglunin	<p>Til að auðvelda skoðunina er kok deyft og kæruleysissprauta gefin í æð. Lausar tennur eru fjarlægðar, lagst er á vinstri hlið og speglunarslöngu kyngt að fyrirmælum læknis. Hægt er að taka sýni úr slímhúðinni meðan á skoðun stendur og er það óþægindalaust. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli þín og okkar til að skoðunin takist sem best og valdi þér sem minnstum óþægindum. Að lokinni rannsókn hvílist þú í 1 til 1 1/2 klst. og síðan ræðir læknirinn við þig um niðurstöðurnar</p>
Að lokinni rannsókn	<p>Vegna kokdeyfingar má ekki neyta fæðu fyrir en eftir hálf klukkustund frá skoðun. Eftir lyfjaforgjöf má ekki aka ökutæki í nokkrar klukkustundir.</p>